

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga,
vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Vegagerðinni er heimilt að veita almennt leyfi skv. 4. gr. til aksturs skólabifreiða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri en níu farþega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.400.
- b. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu
og lögum um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

- 42.3. Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.
- 42.4. Ráðherra skipar samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins og skal annar þeirra vera varaformaður, einn skal tilnefndur af fjármálaráðherra og aðrir, þar á meðal formaður, skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samningar nefnd-